

Hólmavík, 30. ágúst 2022

Innviðaráðuneytið  
Sölvhólsgötu 7  
101 Reykjavík

Sveitarstjórnarmenn A-lista Almennra borgara í Strandabyggð, Matthías Sævar Lýðsson og Hlíf Hrólfsdóttir og varamenn þeirra Guðfinna Lára Hávarðardóttir og Ragnheiður Ingimundardóttir senda eftirfarandi beiðni: Að Innviðaráðuneytið gefi álit og eftir málsatvikum skeri úr um það sem fram kemur í þessu bréfi og fylgigögnum. Málið snýst um undirbúning funda sveitarstjórnar, dagskrá þeirra og fundarstjórn.

Við óskum eftir útskurði Innviðaráðuneytisins, um hvort hafi verið farið að Sveitarstjórnarlögum 138/2011, hvort Samþykktir um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins Strandabyggðar hafi verið brotnar og hvort það hafi verið í samræmi við Siðareglur fyrir kjörna fulltrúa Strandabyggðar þegar oddviti Strandabyggðar, Þorgeir Pálsson, hafnaði því að taka mál á dagskrá sveitarstjórnarfundar þann 23. júní 2022 og aftur tvö mál á sveitarstjórnarfundum 9. ágúst 2022.

Málsatvik.

Bréf frá fyrrverandi sveitarstjórnarmönnum Strandabyggðar dags. 31. maí 2022 (sjá meðfylgjandi bréf) var tekið fyrir á sveitarstjórnarfundum 14. júní síðastliðinn. Þá gerði oddviti eftirfarandi bókun í fundargerð: „Ágreiningsefni mín og fyrrverandi sveitarstjórnar ná aftur til þess tíma sem ég var sveitarstjóri, 2018-2021. Þessi mál voru rædd þá og eru því ekki ný af nálinni. Í því ljósi og vegna trúnaðarskyldu, vísa ég í yfirlýsingu mína frá 21. apríl 2021, sem birtist á heimasíðu Strandabyggðar og síðar á strandir.is“. Erindinu var ekki svarað til þeirra sem erindið sendu á formlegan hátt. (Sveitarstjórnarfundur Strandabyggðar nr.1333)

Á næsta sveitarstjórnarfundum þann 23. júní fer A-listinn fram á að bréf frá 31. maí 2022 verði tekið fyrir aftur, þar sem því hafði ekki verið svarað. Oddviti neitar að taka málið á dagskrá og í athugasemd um fundarboðið segir í fundargerð: „Matthías er með athugasemd varðandi mál sem A-listi óskaði eftir að tekið yrði fyrir á fundinum í dag en oddviti hafnaði því að taka það inn á dagskrá þessa fundar, þar sem það hefði verið tekið fyrir á síðasta fundum nr. 1333. Matthías óskar eftir að leggja fram eftirfarandi bókun:

“Beiðni A-listans um að setja mál á dagskrá sveitarstjórnarfundar var hafnað af oddvita með þeim orðum; „Varðandi fundarefnin þá er búið að ræða fundarefnið og ég sé ekki ástæðu til að endurtaka þá umræðu.“ Ég tel það ólíðandi að oddviti telji það í sínum verkahring að leggja mat hvað mál frá sveitarstjórnarmönnum eigi eða megi taka á dagskrá.“ (Sveitarstjórnarfundur Strandabyggðar nr. 1334)

Fyrir sveitarstjórnarfundum 9. ágúst fór A-listi fram á að tvö mál yrðu sett á dagskrá, erindi sem sveitarstjórn hafði fengið send. Oddviti hafnar því að taka þau á dagskrá. Einnig var farið fram á það á fundinum sjálfum að málin yrðu tekin á dagskrá með afbrigðum eins og er heimilt samkvæmt Samþykktum um stjórn og fundarsköp Strandabyggðar. Oddviti hafnar afbrigðum og neitar um að

greidd séu atkvæði um afbrigðin. Þannig kom hann í veg fyrir að hægt væri að fara fram á nafnakall um afstöðu til málanna.

Annað erindið sem þarna um ræðir er bréf dagsett 3. ágúst þar sem fyrrverandi sveitarstjórnarmenn ítreka óskir um svör við fyrra erindi sínu frá 31. maí 2022 og nú í ljósi breyttrar stöðu vegna ítrekaðra ásakana sem settar voru fram á sveitarstjórnarfundinum 14. júní (sjá meðfylgjandi bréf).

Í fundargerð sveitarstjórnarfundarins 9. ágúst segir: „*Matthías er með athugasemd varðandi mál sem A-listi óskaði eftir að tekið yrði fyrir á fundinum í dag en oddviti hafnaði því að taka það inn á dagskrá þessa fundar þar sem það hefði verið tekið fyrir á fundi nr. 1333. A-listinn óskar eftir að 2 erindi verði tekin fyrir sem afbrigði á fundinum. Oddviti hafnar beiðni um afbrigði með þeim rökum sem lögð voru fram á fundi nr. 1333. Jafnframt vill oddviti taka fram að í síðasta bréfi frá fyrrum sveitarstjórn séu meiningar til annara í núverandi sveitarstjórn sem eiga ekki aðild að þessum deilum og mun oddviti leita til lögfræðings sveitarfélagsins varðandi bréf þessi, jafnframt verður fundur næstkomandi fimmtudag með lögfræðingi sveitarfélagsins og í framhaldinu verður erindinu svarað hafi forsendur breyst. Þorgeir spyr Matthías jafnframt hveir erinda hann sé að ganga. Matthías segir að hann sé að ganga erinda íbúa sveitarfélagsins.*“

*Í framhaldinu lagði A-listinn fram eftirfarandi bókun:*

*“Í bréfi frá íbúum og fyrrverandi sveitarstjórnarmönnum Strandabyggðar sem dagsett er 2. ágúst 2022 er ítrekuð krafa þeirra um svör við bréfi sínu frá 31. maí og benda þau á að nú sé oddviti settur undir stjórnýslu- og upplýsingalög og beri skylda til að svara erindum sem honum berast. A-listinn krefst þess að meirihluti sveitarstjórnar svari þessu bréfi, einkum í því ljósi að þeim er skylt að svara erindum íbúa. A-listinn harmar þá afstöðu meirihluta sveitarstjórnar að ekki þurfi að svara erindum formlega.”*

Hitt erindið var bréf dagsett 4. ágúst frá fyrrverandi sveitarstjórnarmönnum (sjá meðfylgjandi bréf) þar sem gerð var athugasemd við meinta rangfærslu í fundargerð á fundi 14. júní 2022, en það erindi hafði aldrei verið tekið fyrir á sveitarstjórnarfundum.

Við undirrituð treystum því að erindi okkar verði tekið til umfjöllunar og afgreiðslu. Það er óviðunandi að ekki sé farið að lögum og reglum í opinberri stjórnýslu og réttur sveitarstjórnarmanna til að leggja fram mál, sem augljóslega varða hagsmuni sveitarfélagsins, sé virtur. Það er hér líka ástæða til að benda þeim sem lesa fylgigögn þessa bréfs sérstaklega á, hver áhrifin af þessum málum eru á samskipti og andrúmsloftið í samfélaginu.

Þetta bréf er sent með rafrænum hætti. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum munum við fúslega veita þær.

Bestu kveðjur

Matthías Sævar Lýðsson ([matthias@strandabyggd.is](mailto:matthias@strandabyggd.is))

Hlíf Hrólfsdóttir ([hlif@strandabyggd.is](mailto:hlif@strandabyggd.is))

Guðfinna Lára Hávarðardóttir ([gudfinna@strandabyggd.is](mailto:gudfinna@strandabyggd.is))

Ragnheiður Ingimundardóttir ([ragnheidur.i@strandabyggd.is](mailto:ragnheidur.i@strandabyggd.is))